

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Skorradalshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 30. júlí 2009 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagi:

*Indriðastaðahlíð, lóðir nr. 108, 110 og 112.*

Indriðastaðahlíð, vegna lóðanna nr. 108, 110 og 112. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sam-einaðar í eina lóð sem verður nr. 108. Einn stór byggingarreitur verður í stað þeirra sem fyrir voru en engar breytingar eru gerðar á skilmálum deiliskipulagsins.

*Dagverðarnes, svæði 1, lóð nr. 21.*

Breyting á deiliskipulagi fyrir Dagverðarnes í Skorradal, svæði 1, vegna lóðarinnar nr. 21. Einungis er um að ræða breytingu á skipulagsskilmálum er varða hámarksbyggingarmagn. Leyfilegt hámarksbyggingarmagn er 60 fm en verður eftir breytinguna 82 fm.

*Dagverðarnes, svæði 2, lóð nr. 32.*

Breyting á deiliskipulagi fyrir Dagverðarnes í Skorradal, sumarbústaðalóðir, svæði 2, vegna lóðarinnar nr. 32 í Dagverðarnesi. Leyfilegt hámarksbyggingarmagn er 60 fm. Breytingin felur í sér að hámarksflatarmál húsa á lóðinni skal ekki vera meira en 87 fm og er heimilt að byggja gestahús auk frístundahúss.

Deiliskipulagsáætlanirnar hafa hlutið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*Skorradal, 23. september 2009.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Ólöf Guðný Valdimarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. október 2009